

Bréf Jóns Víðis til móðursystur sinnar Þóru Sigurðardóttur

Reykjavík, 11. sept 1919.

Klukkan er að ganga 12. Við Mamma vorum að koma að utan, við gengum út í rökkriinu á lo. tímanum. Hálfðan Eiríksson og Jakobína voru með að heiman, hann er daglegur gestur hjá okkur. Við gengum fyrst upp á Skólavörðuholt, að líta á lóðir, sem þar eru til sölu. Það er bæjarland, grýtt mjög, en víðsýnt er þaðan og í raun og veru ágætur staður, skamt frá miðbænum, rani hefir haldist þarna óbygður, en nú í sumar eru húsin að þjóta þarna upp eins og gorkúlur. Fermetri lóðar kostar þarna frá 4 og upp í 5 krónur, og eru lóðirnar sem látnar eru þetta 300 m² að stærð. Eg ætla að sækja til bæjarstjórnar um kaup á einni lóð þarna, hún er skamt frá listasafnshúsi Einars Jónssonar, myndhöggvara, það stendur á hæðinni, þar sem hún er hæst, sunnan við Skólavörðu, og gnæfir hátt. Í miðjum bænum, í kvosinni, eru lóðir mjög dýrar, sumar marga tugi og jafnvel hundruð króna hver fermetri. 25 kr. kosta lóðir, t.d. við Vesturgötu og við Laufásveg víða líkt. Sunnan við Tjarnarenda, í Laufásengjum, er víst sama verð o.s.frv.

Úr Skólavörðuholtinu gengum við út á Laugaveg, rennisljettan og asfalteraðan, hálf bjart er af tunglskini, milt og hlýtt veður. Nú er líf og ið á fólkinu. Fjöldinn úti, til að sýna sig og sjá aðra... Búðagluggar eru víða uppljómaðir, við stönsum víða, einn þar sem útstilt er standmyndum. Þar er Venus frá Milos, fegurðargyðjan gríska, handleggjabrotin, eins og gamla standmyndin, sem þessi er stæld eftir, þar eru þokkagyðjurnar þrjár, með hendur um háls hver annarar, þar er sundmaðurinn, þar er barnið, sem horfir í augu fallega hundsins og segir: „Kan du inte tale?“, þar er litla stúlkan í bætta kjólnum í stóru klossunum, heldur í svuntuhornið sitt (úr lituðum leir) o.fl. o.fl..

Við næsta glugga stansar „Júlli búi“, eg veit ekki hvort þú kannast við hann, var einhverntíma kaupamaður á Þverá, er bróðir Magnúsar Ólafssonar, ljósmyndara hjer í bæ. Hann er nú um fimmtugt, giftist fyrir líklega 8-10 árum ríkri stúlku vestur í Reykhólasveit, bjó þar, þar til nú nýlega. Allt ættfólk stúlkunnar flæmdist í burt, Július var svo líðilegur við það, ekkert hjú toldi hjá honum, fékk svo lítið að jeta, Július skamtaði sjálfur, a.m.k. sumt, að síðustu var hann víst næstum búinn að svelta konuna, þar sem þau hokruðu ein í bæ. Nú munu þau vera skilin. Július er feginn því, að konan vill ekki sleppa drengnum, er þau eiga. Nú gengur hann frá glugganum, skimar fyrst í kring um sig í allar áttir og hverfur svo í mannfjöldann. Hann er nú að „spekulera“ með þúsundirnar, sem hann hafði upp úr krafsinu, var utanlands í sumar og mun nú vera farinn að versla hjer einhverstaðar í bænum.

Nú heyrum við kirkjuklukkuna slá lo, þá skilum við Hálfðani heim til sín, til Milners, danska kjötsalans, hann er Hálfðani vænn, hefir hann í verslunarskóla á vetrum, en í búð sinni á sumrum. Hálfðan á altaf að vera kominn heim kl. 10, segir Milner vilji það, svo hans strákur gegni að koma heim svo snemma, þeir á líku reki.

Jæa. Veðrið var svo gott og milt, að við Mamma fórum nú ekki stystu leið heim, heldur gengum ofan Bankastræti ofan í bæ. Á Lækjartorgi sje jeg á lengdar stóran bíl standa og veit, að það er „prívat“ bifreið Páls Stefánssonar, frænda okkar. Nú segi eg Mömmu frá því er eg sá til Páls í dag. Hann kom einn í bifreið sinni sunnan Laufásveg, (stjórnaði sjálfur), nú ætlar hann að beygja niður Bókhlöðustíg, en mætir þar manni með vagn og fipast við það (sagði raunar á eftir, að bíllinn hefði ekki látið að stjórn) og rennir sjer á girðingu, hinumegin við Bókhlöðustíg, hún brotnar, var trjerimlagirðing, en framhjól bílsins fóru inn á Skólablett. Eg hljóp til Páls og tveir menn komu þar að og hjálpuðu okkur til að ýta bílnum öfugum út á veginn aftur, það

tókst, ekkert var skemt, nema trjegrindurnar um Skólablettinn. Páll sagðist fara strax og segja rektor skólans frá þessu.

Nú vorum við Mamma komin að bifreiðinni hans Páls, svartur, gljáandi „Ford“ bíll, með stoppuðum sætum, og svörtu gljáandi þaki og hliðum, með gluggum úr mariugleri. Fáir láta bíla sína standa úti yfir nótt. Mamma lætur í ljós við mig undrun sína á því, að Páll skuli þora það, ekki ólíklegt, að einhver skriði inn í hann um nóttina eða einhver óþokki skemmi hann. Við ætluðum nú heim, en þá er Páll sjálfur þar kominn. Hann vill bjóða okkur inn á kaffihús, en Mamma vill ekki. Nú segir hann hlējandi frá óhappi sínu í bílnum, segir lögregluþjónar hafi tilkynnt sjer, að hann eigi að mæta hjá lögreglustjóra á morgun, sökum þess, að hann hafi ekki ökuleyfi... „Skollans maðurinn, sem jeg á að ganga undir próf hjá, til þess að mega aka hefir aldrei tíma til að sinna mjer“, segir Páll hlējandi, „svo jeg fór að aka án leyfis“...

Mamma spyr Pál um fólk okkar í Ameríku, því þar var Páll í allan vetur, og gæti því frá mörgu sagt, en hefir víst aldrei haft tíma til að koma heim og skila kveðjum o.s.frv. Við höfðum þó boðið honum heim til þess. Páll segir frá Guðrúnu frá Halldórsstöðum, hún sje alveg eins og þegar hún fór, hafi þvotta eða strauhús eða þessháttar. Páll segir frá Sigurgeir og Maríu og þeirra börnum o.fl...

„En komið heim með mjer, komið heim“, segir hann. Við gengum heim með honum og hann veitti okkur niðursoðin jarðarber. Hann býr altaf í sama húsinu, frá því hann kom fyrst til Reykjavíkur. Upp 2 stiga þarf að fara, þetta er Aðalstræti, í húsi ekkju Andersens skraddara. Þarna hefir Páll eina rúmgóða stofu og lítið herbergi inn af, er hann sefur í.

Á þili, móti glugga, ber mest á blýantamynd af Þverá. Þá er og yfir dyrum inn í herbergið stór mynd af Aðalbjörgu Ben, við lítinn foss. Barometer langt og mjótt er á þilinu, úr mahogni, alveg eins og gamla barometrið á Þverá, enda vildi Páll endilega fá það hjá okkur, en fekk ekki, en hefir þá náð í annað eins. Á einum vegg er stór mynd af Ragnheiði sálugu frá Ólafsdal, dóttur Torfa sáluga, tvær myndir, önnur þar sem hún er dain. Í einu horni stendur gljáandi mahognískapur, nær manni í axlir, þar er gipsmynd af Kitchener (Páll er fanatískur Englendingavinur). Við vegg nálægt glugga er gríðarstór hlutur, er það margt í senn. Í miðju skrifborð, þar upp af skápar, sumir með þykku slípuðu gleri fyrir, aðrir opnir, efst er hilla, þar á víst 10 silfur myndarammar uppstiltir. Beggja megin skrifborðsins og áfast við það eru ferstrendir stólpar tveir og ná þeir jafnt fram og borðið, er í öðrum þeirra Borgundarklukka, en í hinum skápar, milli þessara stólpa ná skáparnir og hillan. Í miðju lofti er rafljósahjálmur, skrautlegur. Legubekkur og nokkrir lágir stólar eru kringum sporöskjulagað borð, allt klætt rósaplussi, Brysseldúkur á gólfi. ...

Klukkan um 11 höldum við heim. Páll fylgir til dyra. Heima eru systur háttaðar, en Pabbi á fótum, að gera ráð fyrir að fara að leita að okkur, en hvar? ...

Kl. er nú um 12, eg orðinn langorður um ómerkilegt efni, bið þig fyrirgefa. Góða nótt.

Skýringar

Jóhann Skaptason, sýslumaður og mágur Jóns, vélritaði upp bréfið hér að framan, með kalkipappír á milli síðna, og ýmis önnur bréf Jóns og frásagnir. Hann lét binda þau inn í bók sem hann kallaði *Sendibréf frá Jóni J. Víðis til náinna attmenna og ferðasögur*.

Jón Víðis Jónsson

31. maí 1894 - 6. jan. 1975

Flutti til Reykjavíkur með foreldrum 1898 frá Þverá í Laxárdal í Suður-Þingeyjarsýslu. Mælingamaður hjá Vegagerð ríkisins í Reykjavík um áraraðir. Öðlaðist réttindi til að vinna að húsateikningum og vann einnig nokkuð að því.
(Móðurbróðir minn)

Um ævi og störf Jóns skrifaði Már grein *Að beyra hjarta landsins slá* sem birtist 1995 í Vegamálum, tímariti Vegagerðarinnar. Hún er á heimasíðu Mús: https://www.marvidar.com/jon_j_vidis/

Þóra Margrét Sigurðardóttir

11. maí 1869 - 8. maí 1946

(Þóra var ömmusystir mín)

Þóra Egyptalandsfari fór utan ung kona og dvaldi langdvölum erlendis og fór víða. Þegar hún var komin yfir fimmtugt sneri hún aftur heim og varð forstöðukona fyrir elliheimilinu á Seyðisfirði. Hún fluttist síðar í Hafnarfjörð til Maríu Víðis Jónsdóttur, systurdóttur sinnar, og var þar síðustu árin.

Um Þóru, ömmusystur sína, hefur Helgi Hallgrímsson, náttúrufræðingur, skrifað ýtarlegan pistil. Már Viðar Músson setti hann upp og bætti við myndum og ýmsu öðru efni. Greinina má finna á heimasíðu Mús: https://www.marvidar.com/helgi_thora_og_eidabraedur/

Þóra skrifaðist á við marga í fjölskyldunni þegar hún var erlendis og eru mörg þeirra bréfa varðveitt. Þetta er eitt þeirra.

Hálfván Eiríksson

24. júní 1901 - 28. maí 1981

Kaupmaður í Kjöti og fiski á Þórsgötu 17 og seinna starfsmaður Skattstofu.
(faðir minn)

Þórný Víðis Jónsdóttir

27. apríl 1904 - 7. desember 1955

Kaupmaður í Reykjavík og húsmóðir.

(móðir mín, kemur ekki fyrir í bréfinu)

Halldóra Sigurðardóttir (Mamma í bréfinu)

10. sept. 1867 - 11. nóv. 1957

Húsfreyja á Þverá í Laxárdal, S-Þing. 1892-98 og síðar í Reykjavík.

(móðuramma mín)

Jakobína Jakobsdóttir

22. maí 1877 - 18. nóv. 1960

Með foreldrum á Grímsstöðum um 1877-84 og á Húsavík um 1891-93 og 1896-1900. Í fóstri hjá föðurafa sínum á Grímsstöðum um 1884-89 og á Þverá í Laxárdal um 1884-91. Kennari og húsfreyja á Húsavík, Eyrarbakka og víðar. Húsfreyja á Húsavík 1900. Var einnig kennari á Tjörnesi, S-Þing. og Djúpavogi. Kennði lengst á Eyrarbakka. Barnakennari í Læknishúsi, Eyrarbyggðasókn, Árn. 1930. Síðast bús. í Reykjavík.

(föðuramma mín)

Ömmur mínar voru ekki skyldar en þær voru samskipa á Þverá í Laxárdal og uppeldissystur þar. Þangað var Jakobína komin með afa sínum Hálfðani Jóakimssyni þegar hann fluttist sem próventukarl til bróður síns Jóns Jóakimssonar sem þar var bóndi. Þegar Hálfðan dó 1891 fór Jakobína til fjölskyldu sinnar á Húsavík og hafði þá verið ein sjö ár á Þverá. Halldóra kom tólf ára á Þverá þegar faðir hennar Sigurður Guttormsson lést og bernskuheimili hennar leystist upp. Bergljót Guttormsdóttir, systir Sigurðar, var seinni kona Jóns Jóakimssonar. Halldóra giftist 1891 yngsta syninum á bænum Jóni Þveræingi Jónssyni (1860-1940).

Jón segir í bréfinu að Hálfðan sé daglegur gestur á heimilinu. Það hefur ekki verið af frændrækni eingöngu heldur hafa Hálfðan og Þórný, systir Jóns, verið farin að draga sig saman. Foreldrar Hálfðans skildu þegar hann var ungur. Faðir hans fór til Kanada 1910 og kvæntist þar íslenskri konu sem var með honum í för. Þau eignuðust tvo syni. Hálfðan ólst upp hjá móður sinni. Þegar bréfið er skrifað haustið 1919 var Jakobína flutt til systra sinna á Eyrarbakka en þar var hún kennari í barnaskólanum.

1920 fór Hálfðan til Winnipeg að hitta föður sinn, stjúpu og bræður. Hann kom heim aftur eftir fjögur ár til að sækja Þórnýju sem hafði beðið í festum. Það varð þó úr að Hálfðan keypti Kjöt og fisk af Milner sem var orðinn roskinn og vildi flytjast aftur til Danmerkur.

Ekki veit ég hvort Jón hafi látið verða að því að kaupa lóð á Skólavörðuholti þennan vetur en 1933 eftir að Jóhann Skaptason lauk lögfræðiprófi reisti Jóhann og kona hans Sigríður Víðis Jónsdóttir, systir Jóns, Eiríksögðu 4. Þegar Jóhann varð sýslumaður Barðstrendinga keyptu Auður, systir Jóns og Sigríðar, og Sigurður Sigurðsson, maður hennar, húsið. Jón Víðis byggði ofan á það 1938 og fluttist þangað með foreldrum sínum. Þá varð húsið að ættarmiðstöð þar sem öll ættin var jafnan velkomin.

Páll Stefánsson:

18. maí 1869 - 26. ágúst 1952

Stórkaupmaður í Reykjavík. Bílakaupmaður á Laufásvegi 36 1930.

Fósturforeldrar: Jón Jóakimsson og Bergljót Guttormsdóttir.

Páll flutti inn Ford-bíla. Áður en Páll lést hafði hann og kona hans Hallfríður Stefánsson skýrt frá því að þau hjónin myndu ánafna Verslunarráði Íslands öllum eignum sínum að því hjónanna gengnu sem lengur lífði. Þær skyldu renna til stofnunar sérstaks sjóðs sem stykja ætti unga verslunarmenn til náms í verslunarfræðum erlendis.

Jón nefndi hús þeirra á Laufásvegi Þverá. Hallfríður lést í ágúst 1964. Að því tilefni birti Frjáls verslun samantekt um líf og starf Páls.

Páll hafði skrifað á afmæli sínu 76 ára gamall:

„Ég er fæddur 18. maí 1869 að Þverá í Laxárdal í Suður-Þingeyjarsýslu. Alinn upp hjá Jóni hreppstjóra Jóakimssyni Dbrm. og bónda þar og föðursystur minni Bergljótu Guttormsdóttur. ...

Uppeldi mitt í æsku varð undirstaðan undir öllu lífi mínu. Það var blátt áfram vinnumanns og bónda uppeldi. Heimilið var eitt af beztu heimilum á Norðurlandi og þó lengra væri leitað. En í þá daga voru góð heimili nokkurs konar bændaskólar, eins og sagan sannar. Vinnumenn útskrifaðir af slíkum heimilum urðu áhugasamir fyrirmyndar bændur, sem þola fullkominn samanburð við þá, sem nú útskrifast úr hinum meira og minna pólitískum búnaðar- og íþróttaskólum, sem þeir með styrkveitingum eru keyptir til að fara á. ...“

Og Björn Þorgrímsson, sem starfaði hjá Páli Stefánssyni í liðlega þrjú áratugi og var hans hægri hönd rifjaði upp í blaðinu:

„Honum var mjög illa við Framsóknarmenn, og kom það oft fram í bréfum hans til kunningja norður í Þingeyjarsýslu, þar sem hann var fæddur og uppalinn. Páll samdi bréfin en í minn hlut kom að vélrita þau. ...“

Á Þverá var Kaupfélag Þingeyinga stofnað 1882 og stjópnbræður Páls, Benedikt á Auðnum (1846-1939) og Snorri Jónssynir (1854-1928) voru alla tíð miklir baráttumenn fyrir samvinnuhugsjóninni. Í bréfi skrifaði Benedikt 1883: ... „það er óumræðilega hlægilegt að sjá hvernig verslunarsálin á Húsavík lemt um á hæl og hnakka að drepa félagið; ...”

Eftirmáli

Í maí 2024 hafði ég á vegum Ferðafélags Íslands leiðsögn um Skólavörðuholt fyrir fjölmennan hóp fólks, flest komið á eftirlaun. Í höggmyndagarði Einars Jónssonar sagði ég frá húsi Einars og listasafninu en starfskonur þess höfðu ekki tíma til að ávarpa okkur vegna fundarhalda. 120 ár voru liðin frá fæðingu Einars og hafði ég hlustað á erindi Péturs H. Ármannssonar, arkitekts, um sögu hússins og listgildi þess á velheppnuðu málþingi um Einar.

Í garðinum þegar við horfðum upp á húsið sagði Helga Kress mér að Þorvaldi Thoroddsen (1855-1921), náttúrufræðingi, hefði þótt það forljótt. Helga skrifaði í Andvara 2023 greinina: *Þorvaldur Thoroddsen, Dagbók úr Íslandsferð sumarið 1919*. Í dagbókinni stendur:


1919:

2. ágúst (ld). Frídagur verslunarmanna. Fór út með Þórði um morguninn, gekk svo rúmar tvær klukkustundir með Guðmundi Hannessyni. Skoðaði hús með byggingarlagi hans, tvöfaldri steinsteypu og mómold á milli, skoðaði svo safnhús Einars Jónssonar sem er í byggingu, mikið bákni og ljótt, dimmir salir, íbúð á öðru lofti og mjó steintrappa þar upp, svo húsgögn yrði að hala upp í gegnum glugga utan að; eldhús í kjallara. Húsið allt klunnalegt og ljótt. Fór til Þórðar og sat þar í lystihúsi, sólskin og besta veður. Kom svo til Morten Hansens skólastjóra. Hér í Rvík sést enginn hundur, en fjöldi af köttum. Héðan eru bílaferðir stöðugar austur og alltaf fjöldi fólks á Þingvöllum, einkum á sunnudögum. Nú eru 140 bílar í Rvík og 22 í Hafnarfirði, far með þeim mjög dýrt, til Hafnarfjarðar (25 mínútur hvora leið) 20 krónur; til Þingvalla 5 tímar fram og aftur 100 kr., en þá ráða menn yfir öllum plássum í bílnum. Í úthverfum bæjarins, í holtum og mýrum, kosta nú byggingarlóðir 5–7 kr. feralin, í miðbæ 70–80 kr. og jafnvel upp í hundrað.

Guðmundur Hannesson (1866-1946), læknir og prófessor

Það er fróðlegt að bera saman lóðaverð sem Jón Víðis og Þorvaldur nefna. Alin er dönsk alin 63 cm og því er feralin um það bil 0,394 fermetrar. Samkvæmt Þorvaldi kosta því lóðir í úthverfum 13-18 kr/m² og í miðbænum 180-200 kr/m² og þar jafnvel upp í 250 kr/m². Þeim ber því nokkurn veginn saman. Greinilegt er að kostakjör voru á lóðum á Skólavörðuholti. Þá var búið að skafa holtið af lausamöl vegna hafnargerðarinnar og ekki strá að sjá. Ávinningurinn var að ekki þurfti að grafa djúpt fyrir grunninum. Jón segir þó að holtið sé grýtt svo einhverir steinar hafa orðið eftir. Eiríksgata 4 liggur neðar en háholtið og þar óx upp fallegur garður. Í honum spilaði ég sem barn krocket sem Jón Víðis átti og geymdi inni í bílskúr.

Jón Hálfðanarson tók saman á afmælisdegi Jóns Víðis 31/5 2024



Listasafnið var vígt á Jónsmessu 1923. Þessi mynd er tekin fyrir.